

# Einfalda **LESTRARLÍKANIÐ** og greining á **LESTRARVANDA**

Megintilgangur með *Læsisvefnum* er að fá lestrarkennurum í hendur hugmyndir og kennsluaðferðir er gagnast nemendum almennt en nær allar aðferðirnar munu einnig nýtast börnum sem eiga í erfiðleikum með að ná tökum á lestri. Allir lestrarkennarar standa einhvern tímann frammi fyrir því að kenna nemendum sem eru lengur að læra að lesa en aðrir. Þrátt fyrir að meginþungi lestrarkennslu þessara nemenda, sérstaklega á yngsta stigi, fari fram í samstarfi við aðra sérfræðinga, þurfa allir kennarar að þekkja til birtingamynda lestrarerfiðleika og kunna einhver skil á úrræðum sem geta nýst þessum nemendum inni í bekk.

## Einfalda lestrarlíkanið

Einfalda lestrarlíkanið er ákaflega hentugt til að skilgreina mögulegan lestrarvanda nemenda út frá þeim tveimur meginþáttum sem lestrarfærnin byggir á þ.e. lesskilningi og umskráningu:

		Umskráningarfærni	
		Slök	Góð
Málskilningur	Góður	A Slök umskráningarfærni Góður málskilningur	B Góð umskráningarfærni Góður málskilningur
	Slakur	C Slök umskráningarfærni Slakur málskilningur	D Góð umskráningarfærni Slakur málskilningur

Birtingarform lestrarerfiðleika út frá kenningunni „The Simple View of Reading“ (Adlof, Perfetti og Catts, 2011, bls. 193).

**A.** Nemendur sem falla í þennan hóp eiga eingöngu í erfiðleikum með umskráningu en málskilningur þeirra er góður. Ef lestextinn er of þungur og of mikil orka fer í umskráningarferlið getur það haft áhrif á lesskilninginn. Er þá talað um afleidda lesskilningserfiðleika en þessir nemendur eiga ekki í neinum vandræðum með að skilja sama texta sé hann lesinn fyrir þá. Þessir nemendur eru með dyslexíu og þurfa að fá vandaða kennslu í umskráningu og lesfimi. Fræðimenn eru almennt ekki sammála um það hversu margar tegundir eru til af dyslexíu en þó virðast nemendur, sem greinast með tvívanda dyslexíu (double-deficit) sem lýsir sér í viðbótarerfiðleikum er varða nefnuhraða, eiga í mestum vandræðum með að læra að lesa (Höien, 2008).

- B. Þessir lesarar eru að öllu jöfnu góðir lesarar samkvæmt líkaninu en þó geta þeir glímt við vanda sem fellur utan umskráningar og/eða lesskilnings. Vandí þeirra getur verið fólgin í veikleika í málskilningi, e.t.v. vegna lítills orðaforða, á meðan hljóðkerfisúrvinnslan er góð.
- C. Þeir sem falla í þennan flokk eiga í erfiðleikum með umskráningu og málskilning. Þessi hópur á við alvarlegustu erfiðleikana að etja og vanda þarf alla kennslu sérstaklega fyrir hann. Í þessum hópi eru t.d. börn með málþroskaröskun eða aðra veikleika í málstarfi sem orsakast af öðrum hömlunum.
- D. Þessi hópur nemenda á ekki í neinum erfiðleikum með umskráninguna en hann greinist með sértæk vandamál í málskilningi sem rekja má til undirliggjandi veikleika í merkingar- og málfræðipáttum málsins og þá sérstaklega veikleika í orðaforða. Góð leið til að finna nemendur með lesskilningsvanda er að kanna hlustunarskilning þeirra einnig en ólíkt nemendum, sem glíma eingöngu við umskráningarerfiðleika, er hlustunarskilningur þeirra einnig slakur. Þessir lesskilningserfiðleikar tengjast þannig meðferð og úrvinnslu upplýsinga í viðleitni við að skilja textann.
- Höfundar einfalda lestarlíkansins gera sér grein fyrir því að líkanið nær ekki til allra mögulegra birtingarmyndar lestrarerfiðleika en eins og áður segir getur þessi flokkun reynst lestrarkennaranum gagnleg við frumgreiningu á lestrarerfiðleikum nemenda sinna.

## Stuðningsprófin og stafakönnun

Á meðal Lesferilsmatstækjanna eru tvö stuðningspróf og stafakönnun sem geta veitt betri upplýsingar um undirliggjandi vanda ef nemandi sækist lestrarnám seint. Þetta eru matstæki sem meta getu nemenda til að lesa orðleysur (non-words eða pseudo words) annars vegar og hins vegar sjálfvirkni við lestur algengra orðmynda sem koma fyrir í námsefni eða lestur sjónræns orðaforða (sight word reading). Með stuðningsprófunum er skoðað nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttáð, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar hans liggja en skortur á færni getur veitt kennurum upplýsingar um tímabundnar áherslur í þjálfun, undirliggjandi vanda og hvort ástæða sé til að vísa nemandi í frekari greiningu. Það er engin ástæða fyrir kennara að leggja stuðningsprófin fyrir alla nemendur sína, aðeins þá sem ná ekki lesfímiviðmiði 1 á fyrstu árum lestrarnáms eða sýna önnur merki um undirliggjandi vanda á seinni stigum náms.

## Stafakönnun

Stafakönnunin er óformlegt (óstaðlað) mat og veitir því ekki upplýsingar um stöðu barns í samanburði við jafnaldra þess. Ástæðan fyrir því að ekki verður ráðist í gerð staðlaðs matstækis á stafabekkingu er sú að mikilvægt er að nemendur nái fullum, sjálfvirkum tókum á tengingu bókstafs og hljóðs og því er gerð krafa um fullt hús stiga.

Tilgangur með framkvæmd stafakönnunar er að gera kennurum kleift að afla upplýsinga um stafabekkingu nemenda á fyrstu stigum lestrarnáms. Könnunin getur veitt upplýsingar um hvort nemandi þekki heiti, hljóð og geti ritað bókstafstákn og eins getur könnunin veitt upplýsingar um það hversu sjálfvirk færni er orðin. Lagt er til að könnunin sé lögð fyrir grunnskólabörn við upphaf formlegrar lestrarkennslu, við lok stafainnlagnar hjá þeim hópi nemenda sem kennari telur að þurfi endurinnlögna eða hvenær sem kennari vill leita upplýsinga um stöðu stafabekkingar hjá nemendum sínum. Stafakönnunina má einnig nota í leikskólastarfi, t.d. ef leita á upplýsinga um stöðu barns við lok leikskólagöngu. Slíkar upplýsingar geta gagnast grunnskólanum og tryggt barninu viðeigandi lestrarkennslu með því að nýta lestrarkunnáttuna sem það öðlaðist í leikskóla.

Sjálfvirk endurþekking á bókstafstáknum og bókstafshljóðum er mjög mikilvæg fyrir árangur í lestrarnámi og ef fram koma veikleikar í lestri hjá nemendum á fyrstu stigum lestrarnáms, er mikilvægt að byrja á því að kanna stafabekkingu hans. Nemandi sem ekki þekkir öll bókstafstákn og hljóð til hlítar mun eiga í erfiðleikum með að tileinka sér sjónrænan orðaforða, lesfimi og ritun og ekki er hægt að búast við að nemandi taki miklum framförum í lestri fyrr en hann hefur þessa færni fyllilega á valdi sínu. Sýni nemandi slaka frammistöðu á orðleysuprófi er rökréttast að kanna fyrst þekkingu hans á tengslum bókstafs og hljóðs.

### Lestur orðleysa

Orðleysur, stundum kölluð bullorð, eru hljóðakeðjur sem eru búnar til úr bókstöfum þar sem hver bókstafur táknar ákveðið málhljóð. Við smíði orðleysa er þess gætt að þær líkist ekki raunverulegum orðum og þar sem um stök orð er að ræða getur lesandinn ekki stuðst við merkingarfræðileg né setningarfræðileg atriði við lestur þeirra. Lestur orðleysa er talin ein besta leiðin til að meta að hve miklu leyti nemandi kann og getur nýtt sér hljóðaaðferðina við umskráningu en hún er leiðin að færni lesara til að umskrá ný og áður óþekkt orð. Ein helsta ástæðan fyrir veikri hljóðaaðferð er skortur á sjálfvirkri tengingu bókstafs og hljóðs ásamt skorti á þekkingu á algengum ritháttarmynstrum en frekari greining getur leitt í ljós hvar vandinn liggur.

### Sjónrænn orðaforði

Sjónrænn orðaforði vísar til hæfni lesara til að þekkja orðmyndir á sjálfvirkan og fyrirhafnarlausan hátt þannig að hann geti einbeitt sér fullkomlega að merkingu orðsins en stærð sjónræns orðasafns hefur áhrif á lesfimi. Þessi sjálfvirkni verður til eftir því sem lesarinn sér orðmyndina oftar en fjöldi skipta, sem það tekur lesara að festa orðmynd í langtímaminni, er nokkuð einstaklingsbundinn. Lestur stakra orða er mun meira krefjandi en lestur á samfelldum texta þar sem nemandinn nýtur ekki stuðnings af samhenginu og því gefur mat á sjónrænum orðaforða góðar vísbendingar um það hversu sjálfvirkur og fyrirhafnarlítill lestur á algengum orðmyndum er. Sýnt hefur verið fram á að hæfileg þjálfun í orðmyndalestri getur verið gagnleg í ljósi þess að tiltölulega lágt hlutfall algengra orðmynda myndar hátt hlutfall texta. Því getur þjálfun sjónræns orðaforða verið mikilvægur þáttur í lestrarkennslu og undanfari góðrar lesfimi, sérstaklega fyrir nemendur sem þurfa meiri tíma og þjálfun til að ná tókum á lestri.

Linnea C. Ehri hefur sett fram kenningu um þróun sjónræns orðaforða hjá börnum en kenningin beinist fyrst og fremst að því að skýra hvernig börn læra að lesa úr bókstafstáknum og hvernig þau smám saman byggja upp sjónminni á ritháttarmyndir orða og ná að lesa texta hratt og fyrirhafnarlaust, án þess að þurfa að beina athyglinni sjálfri að umskráningunni eða lestri orðanna. Samkvæmt kenningunni fer uppbygging sjónræns orðaforða fram í fjórum þrepum:

1. Undanfari bókstafsstigs.
2. Bókstafsstig að hluta.
3. Fullkomið bókstafsstig.
4. Samtengt/heildrænt bókstafsstig.

Þessi kenning er hluti af því fræðilega líkani sem matstæki og íhlutunarefni Lesferils byggja á og því er það gagnlegt fyrir kennara að kynna sér hana vel. Finna má umfjöllun um hana í *Leið til læsis: Handbók á Læsisvefnum*.

## Heimildaskrá

- Adlof, M.S., Perfetti, C. A. og Catts, H. W. (2011). Developmental changes in reading comprehension: Implications for assessment and instruction. Í J. Samuels og A. E. Farstrup (ritstj.), *What research has to say about reading instruction* (4. útg., bls. 186-214). Newark, DE: International Reading Association.
- Ehri, L. C. (1995). Phases og development in learning to read words by sight. *Journal of Research in Reading*, 18: 116–125.
- Höien, T. (2008). Handbók fyrir Logos: Fræðileg greining á dyslexíu og öðrum lestrarerfiðleikum. Bryne: Logometrica AS.
- Kamhi, A. G. og Catts, H. W. (2014). *Language and reading disabilities* (3. útgáfa). Essex: Pearson Education Limited.
- Kuhn, Melanie R., Schwanenflugel, P. J., Meisinger, E. B. (2010). Aligning theory and assessment of reading fluency: Automaticity, prosody and definitions of fluency. *Reading Research Quarterly*, 45(2), 230–251.
- Steinunn Torfadóttir (2011). Hvers vegna eiga sum börn erfitt með að læra að lesa? Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 15–22). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.